

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil, eins og aðrir hér, byrja á því að óska borgarfulltrúum og öðrum tilheyrendum gleðilegs nýs árs en ég kveð mér hér hljóðs undir fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember, en á þeim fundi var lagt fram 9 mánaða uppgjör framkvæmda- og eignasviðs en það 9 mánaða uppgjör er nokkuð áhyggjuefni en samkvæmt því er eiginfjárhlutfall framkvæmda- og eignasjóðs komið niður fyrir 6% en var í upphafi ársins um 10%. Þetta kemur til þar sem að tapið á framkvæmda- og eignasjóði er 2,4 milljarðar sem er sá munur sem framkvæmda- og eignaráð hefur í tekjur annars vegar og hins vegar útgjöld vegna skuldbindinga sinna og framkvæmda. Ég tel að þetta sé sérstaklega áhyggjuefni í því ljósi að nú hefur innri leiga borgarinnar á kjörtímabilinu hækkað verulega, eins og við höfum reyndar rakið hér áður í borgarstjórn, úr 4,6 milljörðum árið 2005 í 8,8 milljarða árið 2009. Hér var nú við framlagningu fjárhagsáætlun reynt að gera grein fyrir því af hálfu borgarstjóra hvernig þessi hækkun er tilkomin og ég hef nú síðan þá aðeins skoðað þær skýringar og ég tel þær á engan hátt fullnægjandi.

Ég ætla því að fara hér yfir þetta lauslega um hvaða stærðir er að ræða en munurinn á milli þessara ára, hækkunin á kjörtímabilinu í krónum talið og þá án þess að tekið sé tillit til verðlagsáhrifa eða annarra breytinga, eru 4,2 milljarðar. Það er það sem fram hefur komið hjá okkur að breytingar á álagningu fasteignagjalda hafi þarna að hluta til komið til hækkunar og það má til sanns vegar færa að það hefur gert það. Hluti eigna borgarinnar var undanþeginn fasteignaskatti í upphafi kjörtímabilsins en eru það ekki lengur og í krónum talið er munurinn á því sem borgin er að greiða í fasteignagjöld frá árinu 2005 til 2009 rúmur milljarður króna. Þannig getum við skýrt einn milljarð af þessum 4,2 með þeim hætti. Síðan, ef við horfum til verðlagsbreytinga, en vissulega hefur verðbólga verið töluverð á þessu tímabili, eða um 42%, að þá er ekki eðlilegt að skoða þá tölu þegar við skoðum verðlagsbreytingar og áhrif verðlagsbreytinga á

Þessar tölur og innri leigu borgarinnar vegna þess að innri leiga borgarinnar hefur ekki hækkað í samræmi við raunverulega verðlagsbreytingu í landinu heldur hefur hún verið hækkuð miðað við þær áætlanir sem borgin gerir og þær forsendur sem borgin gefur sér í fjárhagsáætlunum borgarinnar, sem hafa á þessu tímabili verið þetta 4-7% og ég fékk nú hér á síðasta borgarstjórnarfundum framlagt þetta sundurliðað frá borgarhagfræðingi og þetta voru, ef ég man rétt, 18,7% sem hefur verið verðbætt og það er nú kannski þá ástæðan fyrir því að gengið hefur svona mjög á eigið fé framkvæmda- og eignasjóðs vegna þess að þar hefur innri leiga ekki fylgt verðlagsþróun að sama skapi og skuldbindingar sjóðsins.

En þegar þessi 18,7% eru skoðuð gróft, bara miðað við þá upphafsstöðu sem um ræðir, þá eru þetta um 900 milljónir og þá er í rauninni óútskýrður munur þarna upp á 2,3 milljarða sem er 50% hækkun á kjörtímabilinu. Þetta er gífurleg þensla á kjörtímabilinu og aukning á kostnaði við húsnæði og ég fór yfir það hér á síðasta fundi borgarstjórnar hvernig þessi hækkun er hlutfallslega innan málaflokka þar sem herra og herra hlutfall af þeim peningum sem málaflokkarnir hafa til ráðstöfunar eru að fara í innri leigu. Í menntamálunum var hlutfallið í upphafi 16% en núna 22% og í heildina var hlutfallið 10% hjá Reykjavíkurborg sem fór til húsnæðismálanna en er núna í dag 14%. Menn geta tínt til að það hefur orðið fjölgun á Reykjavíkursvæðinu og þess vegna þurfi aukna uppbyggingu en á þessu tímabili hefur fólksfjölgun einungis verið 4,7%. Ég ætla nú ekkert að hafa þetta mikið lengra núna, ágæti forseti, en ég vil fá betri skýringar á þessu vegna þess að þær skýringar sem gefnar voru á síðasta borgarstjórnarfundum eða við afgreiðslu fjárhagsáætlunar voru engan veginn fullnægjandi og ég vil að þær skýringar taki líka mið af því að eigið fé framkvæmda- og eignasjóðs er að fara niður.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dofri Hermannsson.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Dofri Hermannsson: Það eru tvö mál ágæti forseti og varða fundargerð umhverfis- og samgönguráðs, lið 10, könnun á ferðavenjum Reykvíkinga, kynnt var niðurstaða könnunar, þar ætla ég bara að gera athugasemd við að það hefur gleymst að færa það inn og ég hef ráðfært mig hérna við fagmenn á þessu sviði og mun auðvitað gera athugasemd við það í umhverfis- og samgönguráði. En þar flutti ég tillögu um að samþykkt yrði að fara í að móta græna samgöngustefnu fyrir hverfi borgarinnar af því að það hefur sýnt sig að sú stefna sem búin var til af hinu einstaklega framsýna hverfisráði Grafarvogs hefur skilað gríðarlegum árangri.

Hitt málið, þá langaði mig bara að minnast á við borgarstjórn, það er tillaga um Laugarnes sem Samfylkingin lagði fram í umhverfis- og samgönguráði og menningar- og ferðamálaráði og er gott að formaður framkvæmda- og skipulagsráða skuli vera hér því þetta varðar uppbyggingu á útivistarsvæðinu í Laugarnesi. Eins og allir vita er mikil umferð, bæði Íslendinga og útlendinga, frá miðbænum og upp með Sæbrautinni. Í menningar- og ferðamálaráði höfum við verið að reyna að búa til þarna ákveðna perlufesti listaverka þannig að þessi gönguleið verði enn betri en við endann á þessari gönguleið, ágætu borgarfulltrúar, er útivistarperla sem á sér fáa líka í borgarlandinu. Þar geturðu horft og upplifað 200 ára gamla sýn þegar þú horfir yfir til Viðeyjar í ósnortnu landslagi á Laugarnesoddanum. Ég myndi bara vilja vekja athygli á því að þessar tillögur voru samþykktar, bæði í umhverfis- og samgönguráði og menningar- og ferðamálaráði og þær gera ráð fyrir því að sviðin, ásamt framkvæmdasviði og skipulagssviði eigi um þetta mikið og gott samstarf.

Í nýafgreiddri fjárhagsáætlun var að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir sérstökum peningum í uppbyggingu á þessum stað en mig langar að hafa sagt það úr þessum stól svo formenn þessara ráða heyri til að þessari tillögu var vel tekið og ég held

Bstj. 5. janúar 2010

að það sé mikið í húfi að öll þessi svið vinni vel saman að því að taka, þó bara aðeins í smávægum áföngum sé, Laugarnesið í gegn sem útivistar- og menningarperlu.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi óskað eftir að veita andsvar.

- 4. mál** Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember
Fundargerð íþróttá- og tómsundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Júlíus Vífill Ingvarsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar, tek undir kveðjur hér úr ræðustól um gleðilegt ár og þakkir fyrir gamla árið. Aðeins örfá orð bara hérna um þau orð sem hérna féllu hjá borgarfulltrúanum Dofra Hermannssyni varðandi Laugarnesið, að þá tek ég undir það með honum hversu mikilvægt það er að við fylgjumst vel þar með og hugum að verndun svæðisins eins og frekast má vera. Það hefur sögulega þýðingu, útivistarlega þýðingu og er mikilvæg einnig eins og hann segir, sem svona viðkomustaður hjá þeim erlendu ferðamönnum sem hingað koma. Ég get upplýst Dofra Hermannsson um það að þetta mál hefur þegar verið rætt á milli formanna menningar- og ferðamálaráðs og skipulagsráðs og ég veit að þetta hefur líka verið rætt við formann umhverfis- og samgönguráðs. Það er fullur vilji til þess að þessi ráð og þessi svið taki höndum saman til þess að fara vel yfir þetta svæði og skipuleggja það til framtíðar. Það er óþarfi að fara yfir í smáatriðum þau efni og þau atriði sem þar skipta einna mestu máli en ég er ekki í nokkrum vafa um það að um svona heildarmarkmið þessa svæðis er full sátt og rétt að menn bara formgeri þá vinnu sem þarf að fara af stað á þessum stað.

Forseti: Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál** Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember
- Fundargerð íþróttá- og tólmstundaráðs frá 11. desember
- Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
- Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
- Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
- Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
- Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
- Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil, eins og aðrir borgarfulltrúar, óska Borgarstjórn Reykjavíkur, starfsmönnum og öðrum tilheyrendum gleðilegs árs en ég tek hér til máls vegna ræðu borgarfulltrúa Sigrúnar Elsu Smáradóttur þar sem hún fer yfir hækkun á húsaleigu hjá Reykjavíkurborg á tilteknu tímabili. Þetta hefur nú verið rætt, bæði hér í borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar, í borgarráði og nú síðast í framkvæmda- og eignaráði, þar sem þessu hefur verið svarað, hvað komi til, hvers vegna húsaleiga, innri leiga hjá Reykjavíkurborg hefur hækkað með þeim hætti sem borgarfulltrúinn hefur vakið máls á og það hefur verið grein fyrir þeirri hækkun. Fyrst er að nefna að það voru í raun og veru breyttar afskriftareglur á fasteignum Reykjavíkurborgar og breytt lánskjör við stofnun eignasjóðs á sínum tíma. Þar voru lánskjörin sett í 4% vexti, auk þess sem afskriftatíminn var lengdur úr 40 árum í 50 ár. Eins hefur verið breytt skráningu á fasteignagjöldum þannig að eignasjóður Reykjavíkurborgar greiðir fasteignagjöld af sínum eignum. Það er eins og gefur að skilja í raun og veru greiðsla úr einum vasa í annan og þó að það sé hærri kostnaður fyrir eignasjóð þá kemur það algjörlega út á eitt fyrir borgarsjóð Reykjavíkur þannig að það er ekki um raunverulega hækkun að ræða.

Nú, annað sem komið hefur til, að Borgarstjórn Reykjavíkur hefur tekið upp leigustefnu í meira mæli heldur en tíðkast hefur áður fyrr, heldur en eignastefnu og í því liggur ákveðinn húsnæðiskostnaður og kannski stærstu einstöku framkvæmdirnar eða verkin í því samhengi eru Egilshöll og Höfðatorg og það er verið að vinna núna á fjármálaskrifstofunni skýrslu þar sem tekinn er samanburður á kaupum og leigu á Höfðatorgi, hvort væri hagkvæmara fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur að kaupa eða leigja undir starfsemina á Höfðatorgi og það er verið að horfa til þess bæði til 25 ára eða 50 ára og ég geri ráð fyrir því að sú skýrsla verði kynnt borgarráði annað hvort á næsta eða þarnæsta fundi borgarráðs.

Nú, borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hafði líka áhyggjur af því að það væri verið að ganga verulega á eigið fé eignasjóðs Reykjavíkur í þessari yfirferð og ég tek undir með borgarfulltrúanum í þeim áhyggjum. Í reikningsskilareglum sveitarfélaganna er í raun og veru eignir sveitarfélaganna ekki uppfærðar á milli ára og eins og eignastaða Reykjavíkurborgar er núna eignfærð er rétt að geta þess að árið 2002 voru í raun og veru allar götur, allt gatnakerfi Reykjavíkurborgar frá upphafi í raun og veru núllstillt á því ári. Það var gert með þeim rökum að þetta væru í raun og veru fullafskrifaðar eignir og ekki sérstök ástæða til að eignfæra þær sérstaklega. Síðan þá hafa í raun og veru eignir Reykjavíkurborgar ekkert verið uppfærðar, síðan frá árinu 2002, og þær eignir sem við hafa bæst hafa í raun og veru bara verið bókfærðar inn miðað við þann stofnkostnað sem til hefur fallið við framkvæmd þeirra. Þannig að ég tel í raun og veru að þær reikningsskilareglur sveitarfélaga sem við förum eftir og er sjálfsagt að fara eftir, séu í raun og veru ekki að gefa rétta mynd af raunverulegri eiginfjárstöðu Reykjavíkurborgar. Ég hef rætt það bæði hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, í borgarráði og framkvæmda- og eignaráði að þetta sé hlutur sem við þurfum að taka til endurskoðunar eða að minnsta kosti að taka til umfjöllunar, vegna þess að þegar staðan er orðin þessi að eiginfjárstaða eignasjóðs Reykjavíkurborgar er með þeim hætti sem hér kemur fram, þá er full ástæða til þess að fara yfir það hvort þetta eru raunverulegar rauntölur og sannar tölur eða hvort þetta eru tölur sem hafa orðið til vegna þess reglakerfis sem við búum við og mér finnst svona allt benda til þess að svo sé.

En ég held að vegna þess að minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur ætlar að gera aukna húsaleigu að einu af stóru málunum á þessum vetri að menn horfi líka til sinnar eigin ábyrgðar í þeim efnum. Það voru borgarfulltrúar Samfylkingarinnar ekki síst sem fóru fyrir þeirri stefnumótandi ákvörðun að taka hér upp leigustefnu undir stjórnslu Reykjavíkurborgar frekar en eignastefnu, eftir því hefur verið unnið og það þýðir síðan ekki að koma og hlaupa upp til handa og fóta með eftiráspeki um það gagnvart þeim sem fara með völdin eftir á að húsnæðiskostnaður hafi hlaupið hér upp úr öllu valdi. Ég held hins vegar að við eigum að horfa til þessa aukna húsnæðiskostnaðar þegar við erum búin að taka þessi eðlilegu viðmið út. Eins og breytingu á lánskjörunum og breytta skráningu fasteignagjalda og annað slíkt og horfa til þess að við þurfum svo sannarlega að spara í húsnæðiskostnaði eins og í öðrum rekstri borgarinnar og þá held ég að

Bstj. 5. janúar 2010

menn ættu að horfa til þess sem þeir hafa áður ákveðið sjálfir áður en þeir fara að kasta ábyrgðinni yfir á aðra.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

- 4. mál** Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég þakka Óskari fyrir að virða þetta viðlits, koma hér og ræða þessi mál. Það vekur ýmsar spurningar, hann nefndi hér breytt lánskjör, að fara með lán í 4% og þá velti ég því fyrir mér, ef þetta er bara eitthvert innra fíff sem borgin hefur ákveðið að búa til lán hjá sér og færa svo yfir í eignasjóð, hvort að með þessu séum við í raun dulbúinn niðurskurður á svið borgarinnar. Ef svið borgarinnar, eins og rammarnir eru núna, svið borgarinnar fá úthlutað sömu römmum ár eftir ár og í raun ekki einu sinni bættar verðlagsbreytingar, en meðan er innri leiga samt sem áður alltaf að taka til sín meira og meira af þeim hluta sem sviðin frá út af einhverjum breytingum á lánum og innra fyrirkomulagi borgarinnar, þá velti ég fyrir mér hvort niðurskurðurinn er kannski ennþá svæsnari heldur en við höfum hingað til þorað að horfast í augu við, eins og til dæmis úti í skólunum, en eins og ég nefndi áðan fóru 16% af útgjöldum menntasviðs til húsnæðiskostnaðar í upphafi kjörtímabils en 22% núna. Og það er ekki verið að leigja undir grunnskólana, borgarfulltrúi Óskar Bergsson. Það er bara húsnæði sem borgin á. Ég leyfi mér því að efast um að skýringuna sé eingöngu að finna í því eða að stóru leyti að verið sé að leigja frekar en að eiga.

Hins vegar náttúrliga er fyrirkomulagið niðri á Höfðatorgi eitthvað sem vekur spurningar. Mig langar kannski að spyrja aðeins um það úr því að ég fæ tækifæri til þess hér, vegna þess að ég velti fyrir mér starfsemi sem hefur rúmast hér ágætlega í Ráðhúsinu, eins og fjármálaskrifstofa borgarinnar, hún er flutt niður á Höfðatorg þar sem er greidd há leiga fyrir hana. Ég hef ekki orðið vör við að neitt nýtt komi hér inn í Ráðhúsið í staðinn fyrir þessa starfsemi. Ég hef ekki orðið vör við að aðrar nýjar stofnanir séu færðar hérna inn. Það hlýtur að vera sama innri leiga greidd hér í Ráðhúsinu en mér finnst einhvern veginn eins og borgin sé bara að þenja sig út og taka undir sig meira og meira húsnæði sem hún hefur áður getað verið án og það held ég að sé vandamál og það er staðreynd að ef maður skoðar

bara meðalútsvar á Reykvíking í dag þá eru 24.000 Reykvíkingar, rúmlega, sem standa að baki bara húsnæðiskostnaði borgarinnar en þeim hefur fjölgað úr 18.000 árið 2005 og þetta er gífurlegt áhyggjuefni og það má búast við því núna, með þessu breytingum sem ég held að Óskar Bergsson hafi vísað til í sínu máli, að fylgja núna raunverulegri verðlagsþróun í staðinn fyrir áætlaða, að þá getum við búist við því ef verðbólgan verður eitthvað við sama heygardshornið og hún hefur verið undanfarin ár, þá muni þessi kostnaður hækka hraðar en hann hefur áður gert og þetta er í rauninni eitthvað sem ég held að við þurfum að gefa okkur miklu betri tíma til þess að skoða og fara yfir og eins líka að hugleiða miklu betur en við höfum gert þegar teknar eru ákvarðanir um að ráðast í nýjar framkvæmdir vegna þess að stærsti hlutinn af þessu er, vænti ég, vegna nýrra framkvæmda á kjörtímabilinu, nýs húsnæðis, aukins húsnæðis borgarinnar, meðan að íbúum hefur einungis fjölgað um tæp 5%.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál** Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember
- Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
- Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
- Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
- Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
- Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
- Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
- Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Til þess að bregðast við þeim spurningum sem fram komu í fyrirspurnum borgarfulltrúa Sigrúnar Elsu Smáradóttur er ágætt að fá tækifæri til þess. Hún spurði fyrst um þessi breyttu lánskjör, hvort þetta hefði verið svona eitthvað sem menn gerðu einhversstaðar á bakvið tjöldin og þetta væri dulbúinn kostnaður á sviðin, þá er svarið við því nei. Þetta er í raun og veru bara ákvörðun um lánskjör milli aðalsjóðs og eignasjóðs við stofnun eignasjóðs á sínum tíma. Þá var í raun og veru tekin upp þessi gjaldskrá eða semsagt þessi fjármagnskostnaður, afskriftartíminn ákveðinn, viðhaldskostnaðurinn ákveðinn líka þannig að þetta var allt saman tekið inn á þeim tíma, þannig að það er hér ekki um neinn dulbúinn kostnað á sviðin að ræða heldur bara fyrst og fremst eðlilega stefnumótun fyrir eignasvið og eignasjóðinn til langs tíma í eignarekstri borgarinnar.

Nú, borgarfulltrúinn veltir því fyrir sér og hefur áhyggjur af slæmri nýtingu húsnæðis á vegum Reykjavíkurborgar og tiltók sérstaklega flutning fjármálaskrifstofu borgarinnar úr Ráðhúsinu í Höfðatorg, hvað í raun og veru hafi komið í staðinn fyrir fjármálaskrifstofuna inni í Ráðhúsi. Ég tek undir þær áhyggjur með borgarfulltrúanum, ég tel að við þurfum að skoða mikið betur hvernig við nýtum það húsnæði sem við erum með undir og ég held að möguleikinn sem við eigum í Höfðatorginu, að koma fleiri stofnunum og meiri starfsemi fyrir þar, sé gríðarlega mikill. Það sem er að gerast aftur á móti hér í þessu næsta umhverfi okkar er það að það er töluvert mikið af lausu húsnæði hér, bæði hér í Ráðhúsinu eftir að fjármálaskrifstofan flutti í Höfðatorg og það þurfum við að skoða sérstaklega, hvernig við náum betri nýtingu á því. Eins er stór hluti af húsnæði við Tjarnargötu 12 laus eftir að innri endurskoðun borgarinnar flutti sig um set, þannig að þar eigum við líka borð fyrir báru. Síðan hafa verið viðræður milli Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytisins um hugsanlega leigu borgarinnar á Fríkirkjuvegi 11, gamla Miðbæjarskólanum, til

Bstj. 5. janúar 2010

menntamálaráðuneytisins vegna stækkunar Kvennaskóla. Það mál er hins vegar ennþá í farvegi en þá horfum við samt sem áður til þess að flytja starfsemi leikskólasviðs og menntasviðs úr Miðbæjarskólanum og inn í Höfðatorg og hvaða hrókeringar verða síðan á því, þá á það eftir að koma í ljós, en allt með það að meginmarkmiði að auka hagræðingu og nýta betur það húsnæði sem við erum með undir. Síðan get ég sagt líka frá því að við náttúrlega stefnum að því að selja Vonarstræti 4, glæsilegt húsnæði sem við eigum hér í miðborg Reykjavíkur, þannig að allt þetta er í fullum gangi og unnið að því að ná fram sem bestri nýtingu á því húsnæði sem um ræðir.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur óskað eftir að veita andsvar.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla kannski að byrja á því að taka það fram að ég var svosem ekki að tala um að eitthvað hefði verið gert bakvið einhver tjöld eða einhver myrkraverk hafi verið framin þegar þessi innri breyting innan borgarinnar var gerð, en ég velti því samt fyrir mér og spurningin er í rauninni sú að það er alveg sama hvernig sú hækkun er tilkomin, meðan málaflökkarnir eru ekki að hækka í samræmi við verðlagsbreytingar og annað, þeim er haldið föstum og innri leiga er alltaf að taka til sín stærri og stærri hluta af málaflökkunum hlýtur það að þýða að í raun sé verið að skera meira niður en við erum að horfast í augu við. Það var í rauninni sú spurning sem ég var að varpa fram, ekki að efast um að hlutirnir hafi verið keyrðir áfram með einhverjum annarlegum hætti þegar eignasjóður var stofnaður. Við höfum líka áður rætt það hér að það hefur nú kannski ekki allt farið eins og best var á kosið eftir að eignasjóðurinn eða framkvæmda- og eignasvið var stofnað, þá hefur nú verklagsreglum verið að fullu fylgt þegar verið er að ákveða að ráðast í framkvæmdir, þá hefur ekki verið í rauninni farið í það á sama tíma að greina innri leigu fyrir þær framkvæmdir sem oft og tíðum sviðin eru að knýja á um að farið verði í. Þau hafa þannig ekki þurft að gera grein fyrir því til lengri tíma hvernig þau ætla að rúma það innan síns ramma eða borgarráð að horfast í augu við þá hækkun sem því er samfara, ekki fyrr en þá eftir að búið er að taka ákvörðun um að ráðast í verkið og gjörningurinn er kominn á fullt swing. Þetta auðvitað hefur kallað á sjálfvirkni í kerfinu hjá okkur og er að ég tel stór hluti af vandanum og ástæða þeirrar stöðu sem við stöndum frammi fyrir núna.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tólmstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Óskar Bergsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég held að áhrif kostnaðar á innri leigu Reykjavíkurborgar til langs tíma og það meginmarkmið sem við settum fram við stofnun eignasjóðsins, það sé einmitt að skila sér núna og þó að við sem sitjum í framkvæmda- og eignaráði séum kannski ekki alltaf ánægð með allt sem gerist og á hvaða hraða það gerist, þá er alveg klárt að sú meginstefna sem Reykjavíkurborg fylgir eftir í sínum stofnkostnaðaráætlunum er vegna skiptingar borgarsjóðs Reykjavíkur og A-hlutans í aðalsjóð og eignasjóð. Ef við hefðum ekki gert það værum við ekki að fara í framkvæmdir upp á rúma fimm milljarða króna á þessum erfiðu tímum árin 2009 og 2010. Við sjáum hvað er að gerast í nágrannasveitarfélögunum í kringum okkur og hjá ríkisvaldinu sem ekki hefur skipt sínum rekstri upp í eignarekstur og almennan rekstur og það er vegna þessara breytinga, vegna þessara skipulagsbreytinga, sem við sjáum okkur fært að gera þetta og þegar borgarfulltrúinn talar um það að við gerum okkur ekki nógu vel grein fyrir því hvaða áhrif stofnkostnaður hefur á innri leigu til langs tíma eins og í þriggja ára áætlunum, þá er það ekki rétt vegna þess að til dæmis stór hluti af þeim stofnkostnaði sem við erum að leggja til að farið verði í á árinu 2010 eru framkvæmdir sem ekki koma til með að hafa nein áhrif á rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar til næstu ára vegna þess að stór hluti af þessum framkvæmdum er til framkvæmda sem við stefnum að að selja. Koma á markað og selja og þar er ég náttúrliga fyrst og fremst að tala um miðborgarverkefnið, Laugaveg 4 og 6 og hornið á Austurstræti og Lækjargötu. Ef við hefðum ekki verið búin að setja reikninginn hjá okkur upp með þessum hætti, þá fullyrði ég það og er fullviss um það að við værum ekki að standa í þeim mikilvægu framkvæmdum sem við erum að standa í í dag eins og er að sýna sig hjá þeim opinberu aðilum sem ekki hafa tekið jafnmikið til í sínum rekstri eins og Reykjavíkurborg hefur gert.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég get ekki tekið undir það með borgarfulltrúa Óskari Bergssyni að sú stefna sem lagt var upp með með eignasjóði sé að skila sér mjög vel núna. Raunar held ég að hún sé alls ekki að gera það vegna þess að ég held að eins og eignasjóður hefur verið rekinn undanfarin ár sé hann ekki að sýna raunverulegan húsnæðiskostnað einu sinni, ég held að húsnæðiskostnaður sé í raun hærri, hann hlýtur að vera það meðan eignasjóður er rekinn með tapi og hann var rekinn núna fyrstu níu mánuði ársins með 2,4 milljarða króna tapi og ég held að það sé heldur ekki að skila sér eins og borgarfulltrúinn fór hér sjálfur yfir áðan, við erum að leigja dýrt húsnæði og fara út úr eigin húsnæði án þess í rauninni að koma því í önnur not eða selja það og hann nefndi þar bæði innri endurskoðun borgarinnar og svo fjármálaskrifstofu sem ég spurði út í hér áðan, þá er þessi hagkvæmni sem var lagt upp með í upphafi, hún er ekki að skila sér. Það getur vel verið að hún eigi einhvern tímann eftir að skila sér en hún er ekki að gera það í dag. Að lokum vil ég segja að ég nefndi ekki einu orði þriggja ára áætlun enda eru verklagsreglur eignasjóðs ekki þannig að það eigi að gera ráð fyrir hækkun innri leigu í þriggja ára áætlun, heldur áður eða á sama tíma og ákveðið er að fara í framkvæmd. Það er ákveðið að fara í framkvæmd og þá er gerð grein fyrir innri leigunni, hún er samþykkt þannig að það sé skýrt að málaflökkarnir komi til með að bera þá innri leigu, það sé búið að samþykkja fjármagn í hana. Það hefur ekki verið gert hingað til og síðan tekið á málunum eftir á í þriggja ára áætlun og það er það sem er algjörlega óviðunandi, borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

- 4. mál** Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember
- Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
- Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
- Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
- Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
- Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
- Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
- Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Óskar Bergsson: Borgarfulltrúi, ágæta borgarstjórn. Það er hægara um að tala en í að komast eins og sagt er og það er í raun og veru alveg með ólíkindum að borgarfulltrúinn skuli hér koma fram aftur og aftur til þess að tala um hluti sem er raunverulega verið að vinna í og segja: þetta er bara ekki nóg. Þetta er bara ekki nóg. Eignasjóður er rekinn með tapi og þetta gengur ekki nógu vel. Ég vil benda borgarfulltrúanum á að eignasjóður Reykjavíkurborgar og framkvæmda- og eignasvið er rúmlega tveggja ára gamalt. Ef við værum ekki með eignasjóð Reykjavíkur og ef við værum ekki með reikninginn uppskiptan eins og við erum, þá væri þetta tap bara hluti af heildarsummunni. Inni í A-hlutanum, einhversstaðar óskilgreint, þar sem menn myndu ekki gera sér eins vel grein fyrir raunverulegum vanda í rekstrinum eins og við gerum með því að leggja þetta svona upp, skipta rekstrinum upp í annars vegar eignarekstur og hins vegar almennan rekstur. Núna vitum við hvar tapið liggur. Það er vegna þessara breytinga og við erum að vinna að hagræðingu í sambandi við húsnæðiskostnaðinn og það er ekki hægt að koma hérna fram aftur og aftur og segja: þetta er bara ekki nóg. Þetta er bara ekki nóg.

Ég fullyrði það við borgarfulltrúann og aðra þá sem hér eru að hlusta að það sem við erum að gera í eignarekstri Reykjavíkurborgar er algjörlega til fyrirmyndar og ég veit það að önnur sveitarfélög og ríkisvaldið eru að horfa til okkar með þeim hætti sem við höfum verið að gera hér og er forsendan fyrir því að við getum verið hér í einhverjum raunverulegum framkvæmdum.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir óskað eftir að gera stutta athugasemd.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Sigrún Elsa Smáradóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Óskar Bergsson borgarfulltrúi hitti hér naglann á höfuðið, það er mikilvægt að gera sér grein fyrir vandamálunum og vandanum og það er nú akkúrat það sem ég er að reyna að gera hér og hef verið að reyna að gera í framkvæmda- og eignaráði og hér í borgarstjórn, þar sem ég hef lagt fram fyrirspurnir, það er að draga fram vandann og þá verður náttúrlega að vera hægt að tala um vandann og þá verður að vera hægt að tala um þá stöðu sem uppi er og þá aukningu sem orðið hefur á innri leigu hjá borginni og hvert stefnir og ekkert nema eðlilegt að það sé gert. Það er næsta skref þegar búið er að gera sér grein fyrir vandanum. Fyrst reynir maður að skilgreina vandann og ég held nú að við í minnihlutanum höfum nú lagt okkar af mörkum við að hann sé skilgreindur eins og ég fór yfir og síðan er að tala um hann, gera sér grein fyrir honum og reyna að finna þá leiðir út úr því og ég ætla rétt að vona, ég ætla rétt að vona það, borgarfulltrúi Óskar Bergsson, að þér finnst ekki nóg að gert. Mér finnst ekki nóg að gert, það er alveg rétt, og ég vona að þér finnst það ekki heldur.

Forseti: Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd og þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir því að gera stutta athugasemd við athugasemd borgarfulltrúa Sigrúnar Elsu Smáradóttur.

- 4. mál** **Fundargerð framkvæmda- og eignaráðs frá 14. desember**
Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 11. desember
Fundargerð leikskólaráðs frá 16. desember
Fundargerð leikskólaráðs og menntaráðs frá 16. desember
Fundargerðir menningar- og ferðamálaráðs frá 8. og 17. desember
Fundargerð skipulagsráðs frá 16. desember
Fundargerð umhverfis- og samgönguráðs frá 8. desember
Fundargerð velferðarráðs frá 16. desember

Óskar Bergsson: Takk fyrir, forseti. Ég held að þessi umræða sem hér fer fram kristalli í raun og veru bara þá stöðu sem allir eru í á Íslandi. Heimilin, fyrirtækin, sveitarfélögin, ríkið. Rekstrarvandi. Breytingar á umhverfi og það með hvaða hætti menn bregðast við því. Það erum við að gera og hvort að mönnum finnist það ganga hægt eða ekki nógu hratt eða hvernig sem það er, það er bara held ég mat á hverjum tíma. Og kannski bara það eina sem minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur getur haft uppi í gagnrýni sinni á störf meirihlutans, að hlutirnir gangi bara ekki nógu hratt fyrir sig. Kannski er það svo og því miður en það er samt sem áður algjörlega skýr vilji meirihlutans í Borgarstjórn Reykjavíkur með hvaða hætti eignaumsýsla borgarinnar á að fara fram. Það er með skýrari hætti heldur en víðast hvar annars staðar og sú hagræðingarkrafa sem við setjum hér á húsnæðismálin eins og öll önnur mál er í skýrum farvegi og ég á von á því að við eigum eftir að sjá það að við förum að nýta húsnæði okkar með betri hætti en við höfum gert hingað til.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd og það hafa ekki fleiri óskað eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið og þá er umræðu lokið. Fleira liggur ekki fyrir fundinum og er fundi borgarstjórnar slitið klukkan 15.21.